



UMBOÐSMAÐUR  
BARNA



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# „Ekkert um okkur án okkar“



*Hvernig er samráði við börn háttað í íslenskri stjórnýslu?*

**Vigdís Fríða**

- Starfaði sjálf í ungmennaráði í fimm ár (Árborg)
- B.A. í félagsfræði - M.A í opinberri stjórnsýslu
- Skrifaði handbók um ungmennaráð sveitarfélaga
- Vann í ungmennamiðstöð, kom að #ÉgKýs verkefninu
- Starfaði fyrir umboðsmann barna - kom að barnaþingi
- Starfa nú sem verkefnastjóri Ungs umhverfisfréttafólks á Íslandi hjá Landvernd



Bakgrunnur

Börn eiga rétt á því að hafa áhrif. Punktur.

1. tölul. 12. gr. Barnasáttmálans - lögbundinn á Íslandi

**22% þjóðar eru undir 18 ára!**

*og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.*



# Hvað er samráð?

LÍKAN  
LAURA  
LUNDY

## RÖDD

Veita upplýsingar við hæfi og tryggja að börn geti tjáð skoðanir sínar

- Hafa börn fengið þær upplýsingar sem þau þurfa á að halda til að geta myndað sér skoðun?
- Eru börn upplýst um að þau þurfi ekki að taka þátt?
- Hafa börn fengið að velja milli ólíkra valkosta um hvernig þau geta tjáð sig?

## ÁHEYRN

Tryggja að skoðunum barna sé miðlað til aðila sem ber ábyrgð á því að taka tillit til þeirra

- Er ferli til staðar sem tryggir miðlun á skoðunum barna?
- Vita börn til hvers eða hverra stendur til að miðla skoðunum þeirra?
- Hefur sá aðili eða stofnun sem hlustar vald til þess að taka ákvarðanir?

## VETTvangur

Skapa öruggt rými fyrir öll börn til þess að tjá skoðanir sínar

- Hefur verið leitað með virkum hætti eftir skoðunum barna?
- Var til öruggt rými þar sem börn gátu tjáð sig frjálstlega?
- Hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja að öll börn geti tekið þátt?

## ÁHRIF

Tryggja að tekið sé tillit til skoðana barna og brugðist sé við þeim þar sem það á við

- Var tekið tillit til skoðana barnsins af hálfu aðila sem hafa vald til að koma á breytingum?
- Eru ferlar til staðar sem tryggja að mark sé tekið á skoðunum barna?
- Hafa börnin fengið endurgjöf sem gerir þeim kleift að skilja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið?

# Hvar fá börn að hafa áhrif?

- Öll ráðuneytin og fjölmargar stofnanir ríkisins vinna að málefnum barna daglega
  - Málefni barna = Málefni samfélagsins

## Ríkið:

- Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna
- Ungmennaráð heimsmarkmiðanna
- Ungmennaráð Menntamálastofnunar (ekki starfrækt)

## Sveitarfélög:

- 42 af 72 með starfrækt ungmennaráð
  - Yfir 95% barna hafa kost á því að taka þátt í ungmennaráði
- Allra minnstu sveitarfélögin sjá ekki fyrir sér að stofna ungmennaráð

# Hvað getum við lært af reynslunni?

Ríki:

Fjöldmörg ráðuneyti og stofnanir vinna með málefni barna á degi hverjum en hafa þó ekki sett upp formlegan vettvang þar sem börn koma að starfinu.

Auðsýnt er að börn hafa hvorki áhrif né áheyrn þegar þau skortir vettvanginn til þess.

# RÉTT UPP HÖND!

- Forsætisráðuneytið

- Vatnajökulspjóðgarður

Hvar viljum við að börn hafi áhrif og hvernig?

- Félagsmálaráðuneytið

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið

- Heilbrigðisráðuneytið

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Samgöngu- og sveitaráðuneytið

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

- Utanríkisráðuneytið

- Þjóðleikhúsið

- Þjóðminjasafn Íslands

- Þjóðlistasafn Íslands

Kortleggjum það!

# Hvað getum við lært af reynslunni?

## Sveitarfélög:

- Ungmennaráð sveitarfélaga eru innbyrðis ólík
  - Þau eru mis-virk
  - Hafa ekki sama vægi allsstaðar - sérnefnd/ undir ákveðinni nefnd
  - Þau fást við ólík málefni og fá að hafa áhrif á ólíka hluti
  - Aldursdreifingin er ólík eftir sveitarfélögum
  - Sum ungmenni hljóta laun fyrir starf sitt - önnur ekki
- **Það væri framför að samræma verklag á milli sveitarfélaga**
  - **Þannig tryggjum við að öll börn hafi sama rétt á því að hafa áhrif**



# BEINT FRÁ BÖRNUM:

## Helga:

Það er eitt að stofna ungmennaráð og það er allt annað að vera með ungmennaráð og nýta sér það. Eins og... við lentum alveg í því að það var ekkert verið að vísa málum til okkar. Við fórum bara á bæjarstjórnarfund og vorum bara... afsakið... hvað er í gangi... þannig að... það er svona... það er alltaf rosa vinsælt að stofna og vera með ungmennaráð en það þarf að nýta sér það líka

# Hvað getum við lært af reynslunni?

## Almennt:

- Ekkert um þau án þeirra!
  - Barnasáttmálinn er lögbundinn. Samráð við börn á að vera grundvallaratriði en ekki bónus.
- Hlutverk barna í samráði þarf að vera kýrskýrt
  - Börn vilja vita hvers við ætlumst til af þeim og hvaða áhrif þau geta haft í samráðinu.
- Það er afar mikilvægt að börn hljóti þann stuðning sem þau þurfa til að hafa áhrif
  - Mikilvægir þættir: Starfsmaðurinn, upplýsingar á mannamáli, tími til stefnu.

# Hvað getum við lært af reynslunni?

## Almennt:

- Gætum þess að fjölbreytileiki samfélagsins endurspeglast í samráðinu
  - Þjóðum við feimnum börnum að taka þátt? Gefum við börnum færi á að tjá sig á þann hátt sem þau vilja?  
Endurspeglast fjölbreytni samfélagsins í barnahópnum?
- Sköpum öruggt rými fyrir börn til þess að tjá sig
  - Hafa börnin fengið tækifæri til þess að kynnast innbyrðis? Upplifa þau sig örugg á fundarstaðnum?
- Börn vilja sjá árangur af samráðinu
  - Munum að segja þeim í hvaða ferli málið fer, hvar það endaði og svo framvegis.

# BEINT FRÁ BÖRNUM:

## **Sigrún:**

Stjórnsýslan er aðallega til í að heyra skoðanir barna þegar þau ákveða að þau vilji heyra skoðanir barna og þegar þau þurfa þess... þá ákveður stjórnsýslan hvernig þau vilja fá þessar skoðanir... hvort að þau vilji fá greinagerð um það... hvort að þú mætir á fund eða talið á fundinum.

[...]

## **Kristín:**

Ég myndi vilja sjá meira svona... frumkvæði eða þú veist svona svigrúm fyrir ungmenni til þess að hafa frumkvæði að sínum skoðunum skiluru... í staðinn fyrir að vera bara já... þið megið hafa skoðanir á þessu og þessu... en við höfum engan sérstakan áhuga á því að heyra annað...

# BEINT FRÁ BÖRNUM:

**Margrét:**

Ég veit hvernig ég á að koma skoðunum mínum á framfæri þegar ég er beðin um það en ég veit ekki hvernig ég á að koma þeim á framfæri þegar... bara... ég sjálf skiluru ...

**Anna:**

Já, sammála.

Aðgerðaráætlun á vegum ríkisins  
varðandi þátttöku barna, sem nú er verið  
að vinna er heillaskref í átt að því að  
auka áhrif barna.

Mikilvægt er að börn komi að þeirri vinnu  
og séu spurð að því hvað þau vilja hafa  
áhrif á.

TAKK FYRIR MIG!